

Þessar leiðbeiningar lýsa opinberum sýnatökum (sýni tekin af dýralækni Matvælastofnunar) úr varphænum í varpi, ef þær eru haldnar í lausagönguhúsi.

Svona tekur opinber dýralæknir sýni:

### Sýnatökuplan fyrir varphænur

Framleiðsla	Sýnatökutími	Sýnatökustaður	Sýnataka	Sýni tekið af framleiðanda	Sýni tekið af MAST
<b>Fullorðnar Varphænur</b>	Á 15 vikna fresti (1. sýnataka á aldrinum 22-26 vikna)	Varphús	- Sokkasýni 2 pör 1 ryksýni til viðbótar = 2 safnsýni	Alltaf, nema þegar MAST tekur sýni	1 sýni árlega úr einum hópi hjá hverjum framleiðanda >1000 fuglar

### Sokkasýni (skóhlífasýni)

Nota skal rakadrægt efni, t.d. þar til ætlaðir skóhlífar eða grisjuhólka, sem klipptir eru í u.þ.b. 50cm langa búta.

Notaður er skófatanaður sem tilheyrir eldishúsi.

Ekki leyfilegt að nota sótthreinsandi efni á skó áður en sokkar eru settir á skóna. Ef notast er við fótabað með sótthreinsandi efni þarf að nota einnota skóhlífar undir sýnatökubúnað.

Fyrir sýnatöku skal væta sokka í hreinu vatni.

Sokkarar er sett yfir skófatnað, einn sokkur á hvorn fót. Ef notaðir er grisjuhólkar er sokkur festur á hælnum með því að rífa upp í grisjuna og hnýta saman.



Síðan er gengið um hálfan eldissalinn og tryggt að sýni náist af mismunandi svæðum (þurrum, blautum o.s.frv.).

Þegar búið er að fara yfir sýnatökusvæðið er skóhlífa/sokkaparið tekið varlega af skófatnaði og þess gætt að innihaldið hrynji ekki af (gott getur verið að snúa skóhlífum/sokkum við (venda) utan um innihaldið). Sokkarnar er sett í hreinan plastpoka og merkt. Sýnataka er endurtekin þannig að eldissal er skipt í tvennt og gengið um helming eldissals með hvoru sokkarnari. Bæði sokkarnar eru sameinuð í einn plastpoka.

### Ryksýni

Ryksýni eru tekin um allt húsið.

Nota skal einnota hanska til að safna ryki. Safnað er a.m.k. 100g í plastpoka eða glas (sem rúmar 250ml eða meira).

Ryksýni skal setja í sér poka.

### Frágangur

Merkja skal sýnið vel með rekjanleikanúmer eldishóps og sýnatökudagsetningu.

Fyllta þarf nákvæmlega út rannsóknareyðublað og senda sýni ásamt rannsóknarbeiðni samdægurs á opinbera rannsóknarstofu. Sýni skal halda frá miklum hita eða sólskini.

Ef ekki er hægt að senda sýni samdægurs eða innan 24 klst. frá sýnatöku þarf að geyma það í kæli við 2-8°C. Athugið að sýni telst óhæft til rannsóknar ef það líða meira en 96 klst. frá sýnatöku og þar til sýni berst rannsóknarstofu.

### Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Grisjur / sokkar
- Tússpenni og límmiðar
- [Rannsóknareyðublað](#)
- Kassi til sendingar



Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum skv. reglugerð (EB) nr. 517/2011, innleidd með reglugerð nr. 369/2012, og reglugerð (EB) nr. 2160/2003, innleidd með reglugerð nr. 1011/2011.

Síðast uppfært: 26. september 2016